


Alþingi  
Erindi nr. P 135/2031  
komudagur 7.4.2008




NEYTENDASTOFA  
4. apríl 2008

### Minnisblað

Til: Viðskiptanefndar Alþingis

Frá: Tryggva Axelssyni, forstjóra 

Þórunni Önnu Árnadóttur, sviðsstjóra neytendaréttarsviðs 

**Efni: 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins**

Í umsögn Félags íslenskra stórkaupmanna á frumvarpi til breytinga á lögum nr. 57/2005 kemur fram sú athugasemd að ákvæði þess efnis að auglýsingar sem höfða eigi til íslenskra neytenda skuli vera á íslenskri tungu feli í sér óþarfa þvingun á athafnafrelsi auglýsenda.

Neytendastofa óskar eftir að koma eftirfarandi á framfæri:

1. Ákvæðið kom inn sem nýmæli í 22. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 en var þó að nokkru tekið úr frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Gerði ákvæðið ráð fyrir þeirri meginreglu að allar auglýsingar skyldu vera á íslenskri tungu, sbr. ákvæði 1. tl. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 611/1989 um auglýsingar í útvarpi.
2. Ákvæðið á sér hliðstæðu í útvarpslögum nr. 53/2000. Þar segir í 1. mgr. 8. gr.:

*„Efni á erlendu máli, sem sýnt er á sjónvarpsstöð, skal jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það á þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá. Við þær aðstæður skal sjónvarpsstöð, eftir því sem kostur er, láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem orðið hafa. Skal lögð áhersla á að allt tal og texti sé á lýtalausum íslensku máli.“*

Ákvæðið er tekið úr ákvæðum 2. og 3. mgr. 3. tl. a í 2. mgr. 3. gr. eldri útvarpslaga nr. 68/1985. Þar var kveðið á um skyldu útvarpsstöðva til að stuðla að menningarþróun og eflingu íslenskrar menningar með íslenskri þýðingu og skyldu til að efla íslenska tungu.

3. Í ákvæði reglugerðar um auglýsingar í útvarpi er sú undantekning að erlendur söngtexti megi vera hluti auglýsingar og verður að gera ráð fyrir að sú undantekning eigi einnig við um ákvæði 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005. Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga segir einnig um 22. gr. að auglýsingar sem ætlað er að höfða til annarra en Íslendinga séu undanþegnar íslenskuskilyrðinu. Þá er einnig gerð sú undantekning, sbr. ákvæði 1. mgr. 8. gr. útvarpslaga nr. 53/2000, að auglýsingar sem eru hluti af viðstöðulausri dreifingu um gervihnött og gerast í sömu andrá séu undanþegnar íslenskuskilyrðinu.
4. Í ljósi alls framangreinds og þeirra áhrifa sem sífellt aukandi alþjóðavæðing getur haft á íslenska tungu telur Neytendastofa mikilvægt að ákvæðið haldist óbreytt, með þeim undantekningum sem gert er ráð fyrir, enda stuðli það að verndun íslenskrar tungu.